

nafn	skýring
baguio	nafn filipseyinga á fellibyljum sem þar koma
berg wind	hjúkaþeyr í austanverði S-Afríku og Namíbíu
bise	norðan-, norðaustan- eða norðvestanvindur í Suður Frakklandi (í Languedoc), meira skýjað er en í mistralnum austar (einnig bise noire)
bora	köld, oftlega mjög þurr norðaustanátt við austurströnd Adríahafs, stundum notað um kalda fallvinda í víðari merkingu
buran	sterkur, kaldur norðaustanvindur í Rússlandi og Mið-Asíu ef snjócoma fylgir nefnist hann stundum „purga"
crachin	þokusúld sem er allalgeng við strendur Suður-Kína norður undir Shanghai
etesian wind	norðlægir vindar, algengir að sumarlagi við austanvert Miðjarðarhaf og sérlega í Eyjahafi, heita "meltemi" í Tyrklandi
föhn eða foehn	hnjúkaþeyr, upphaflega norðanmegin í Ölpunum
gregale, grégal, grecale	sterkur norðaustanvindur í Miðjarðarhafi, einkum undan S-Frakklandi og undan eyjunum stóru.
haboob	upphaflega sandstormur í Súdan, en nú gjarnan notað almennt um sandstorm í Miðausturlöndum og austanverðri Sahara
harmattan	þurr norðaustan- og austanvindur yfir norðvestan- og vestanverðri Afríku, suður að 5°N á vetrum, en um 20°N í júlí (sunnar: suðvestanmonsúnum)
khamisin	þurr og heitur sunnanvindur í Egyptalandi
kona (storm)	suðlægur regnstormur á Hawaii
kosava	gilvindur við Dóná suðaustur af Belgrad
leste	heit og þurr sunnanátt á Madeira og í Norður-Afríku
levanter	austanátt í Gíbraltarsundi
leveche	heit og þurr sunnanátt á suðaustanverðum Spáni, inniheldur gjarnan ryk og mold
libeccio	sterk og byljótt suðvestanátt um miðbik Miðjarðarhafsins, algengastur að vetrarlagi (útsynningur Miðjarðarhafsins)
maestro	norðvestanvindur á Adríahafi vestanverðu (og einnig vestan Ítalíu), algengastur á sumrin
mistral	hvass norðanvindur við Miðjarðarhaf, einkum í Frakklandi að vetrarlagi.
norte	sterkur, kaldur norðanvindur við strendur Mexíkóflóa
pampero	hvass vindur í þrumuveðrum í Argentínu og Úragvæ, hiti fellur eftir að hryðjan er hjá
reshabar, rrashaba	svarti-vindur, sterkur, byljóttur norðaustanvindur í Kúrdistan, þurr.
scirocco	hlýr sunnanvindur við Miðjarðarhaf, oftast ryki þrunginn frá Sahara (við N-strendurnar er hann orðinn mjög rakur og óþægilegur)
seistan	mjög sterkur norðanvindur í Seistan í austur Íran, blæs á sumrin (120-daga vindur)
simoon	smáir en sterkir hvirfilbyljir í eyðmörkum Afríku og Arabíu, algengastir að sumri til
southerly buster	skyndilegur vindsnúningur úr norðanátt í sunnan í suðaustanverðri Ástralíku, hiti fellur einnig verulega (um allt að 20° á hálfri klukkustund)
vardarac, vardar	kaldur norðanvindur í Norður-Grikklandi (gilvindur)
vendavales	sterkur, byljóttur suðvestanvindur við suðausturströnd Spánar (einkum að vetrarlagi)
willy-willy	fellibylur í Ástralíu